

Nd.

540. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á þremur fundum og leggur til, að það verði samþykkt með breytingu, sem birtist á sérstöku þskj. Tveir nefndarmanna, þeir Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Nefndin kvaddi á sinn fund Svein Einarsson veiðistjóra, og gerði hann grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi frv. Þá lá fyrir hjá nefndinni afrit af bréfi veiðistjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 19. marz 1969, þar sem koma m. a. fram tillögur hans um breytingar á lögum þessum.

Breyting sú, sem nefndin leggur til að gerð verði á frv., felur í sér, að veiðistjóra og sérstökum trúnaðarmönnum hans verði heimilað að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstakir erfiðleikar eru á því, að þeir náist með öðrum hætti. Það er kunnugt, að í sumum tilfellum getur verið mjög örðugt að vinna yrðlinga í grenjum, einkum þá síðustu, sem hafa þá gjarna hvekkzt, þegar hinir fyrri hafa náðst. Getur sá tími skipt sólarhringum, sem tekur að vinna slík dýr, og veldur það miklum erfiðleikum og ærnum kostnaði. Þegar svo vill til, að greni liggja fjarri byggð og akfærum leiðum, getur svo farið, að grenjaskyttur neyðist til að yfirgefa þau, áður en vinnsla hefur tekizt að fullu. Sé eitrað í greni af samvizekusemi, eftir að fullorðnu dýrin hafa verið felld, er talið nokkuð öruggt, að það verði yrðlingunum að grandu. Jafnframt má álita, að sé verk þetta unnið af fullri aðgæzlu og kostgæfni, skapist ekki af því teljandi hætta fyrir önnur dýr, sizt fugla.

Með þeirri breytingu, sem nefndin gerir tillögu um, er stefnt að því að öðlast á næstu fimm árum reynslu af slíkri takmarkaðri heimild til eitrunar, sem hér hefur verið rakið.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Bjartmar Guðmundsson,
form., með fyrirvara.

Pálmi Jónsson,
fundaskr., frsm.

Stefán Valgeirsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jónas Pétursson.